

## Hvaða réttindi þarf að upplýsa þig um áður en viðtalið hefst?

### 1. Réttur til trúnaðarsamtals við lögmann og lögfræðiaðstoðar á meðan á viðtali stendur

#### A. Lögmaður

- Þú mátt óska eftir að haft verði samband við þann lögmann sem þú óskar eftir.
- Ef þú hefur ekki ráðið þér lögmann eða ef sá lögmaður sér sér ekki fært að mæta getur þú óskað eftir að haft verði samband við lögmann á vakt lögmannafélagsins.
- Ef þú uppfyllir ákveðin skilyrði er sú lögfræðiaðstoð annaðhvort fyllilega eða að hluta til ókeypis. Þú getur óskað eftir eyðublaði sem útskýrir skilyrði gjafsóknar.

#### B. Trúnaðarsamtal fyrir viðtal

- Fyrir næsta viðtal – og innan 2 klukkustunda eftir að þú hefur rætt við lögmann á vakt lögmannafélagsins – áttu rétt á þrjátíu mínútna trúnaðarsamtali við lögmann þinn, sem má í undantekningartilfellum lengja skv. ákvörðun spyrjanda.
- Þetta trúnaðarsamtal má bæði eiga sér stað í síma og á þeim stað þar sem viðtalið fer fram.

#### C. Réttaraðstoð í viðtölum

- Þú átt rétt á aðstoð frá lögmanni þínum á meðan á viðtalinu stendur. Yfirheyrslan má ekki hefjast ef lögmaður þinn er ekki viðstaddur.
- Lögmaður þinn mun tryggja:
  - o að réttur þinn til að segja ekkert og réttur þinn til að bendla sjálfan þig ekki við glæp séu tryggðir,
  - o að þú sætir sanngjarnir meðferð í viðtalinu, að þú sért ekki beitt(ur) óviðeigandi þrýstingi,
  - o að þér séu veittar skýringar á réttindum þínum og reglufestu haldið í viðtalinu.

Ef lögmaður þinn hefur eitthvað að athuga hvað þessi mál varða getur hann þá þegar látið skrá þær athugasemdir í skýrslu lögreglunnar. Lögmaður þinn getur óskað eftir að sérstök rannsókn sé gerð eða að tiltekinn einstaklingur sé yfirheyrður. Hann kann að óska frekari skýringa á þeim spurningum sem spurt er. Hann má gera athugasemdir við rannsóknina og varðandi viðtalið. Honum er ekki heimilt að svara fyrir þína hönd né trufla viðtalið.

- Þú eða lögmaður þinn eigir rétt á að fá viðtalinu frestað einu sinni og þá aðeins til að eiga annað trúnaðarsamtal. Ef nýjir þættir eða brot koma í ljós í viðtalinu áttu einnig rétt á

öðru trúnaðarsamtali við lögmann þinn. Það samtal má ekki vara lengur en í 15 mínútur.

#### D. Afsal réttinda

Þér er ekki skylt að óska trúnaðarsamtals við eða aðstoðar lögmanns.

Þér er frjálst að afsala þér þeim réttindum af fúsum og frjálsum vilja, eftir umhugsun og ef þú:

- ert löggráða,
- hefur undirritað og dagsett skjal þessa efnis.
- ef mögulegt er, má taka viðtalið upp á myndband. Þú mátt ræða þetta við lögmann þinn.

Þér er heimilt að ræða ofangreint í síma við lögmann á vakt lögmannafélagsins.

#### E. Takmörkun

Í undantekningartilfellum og í tilfellum þar sem færa má fyrir því sannfærandi rök getur saksóknari eða rannsóknardómari ákveðið að neita þér um rétt til fyrra trúnaðarsamtals eða um aðstoð lögmanns í viðtali. Honum er skylt að greina frá ástæðum ákvörðunar sinnar.

## 2. Upplýsingar um lögbrot

- Þú átt rétt á að vera upplýst(ur) um þau brot sem þú verður yfirheyrður(ur) um.

## 3. Réttur til að vera þögul(l)

- Aldrei má neyða þig til að bendla sjálfa(n) þig við glæp.
- Þegar þú hefur sagt til nafns er þér frjálst að leggja fram yfirlýsingu, svara spurningum sem að þér er beint eða vera þögul(l).

## 4. Að láta vita að þú hafir verið handtekin(n)

Þú átt rétt á að þriðji aðili sé upplýstur um að þú hafir verið handtekin(n).

Hinsvegar má fresta þessu ef saksóknari eða rannsóknardómari færa fyrir því sannfærandi rök með vísan til rannsóknarhagsmuna.

## 5. Aðstoð heilbrigðisstarfsfólks

- Þú átt rétt á ókeypis aðstoð heilbrigðisstarfsfólks ef þú þarft á slíku að halda.
- Þú getur óskað eftir að læknisskoðun sé framkvæmd af lækni sem þú velur. Í slíkum tilfellum greiðir þú sjálf(ur) kostnaðinn.

## 6. Túlkaaðstoð og réttur á þýðingu

- Ef þú skilur ekki eða talar ekki tungumálið eða ef þú átt í vandræðum með tal eða heyrn áttu rétt á að eiðsvarinn túlkur sé viðstaddur:
  - o trúnaðarsamtal þitt og lögmanns þíns (ef lögmaður þinn talar ekki eða skilur þitt tungumál).
  - o yfirheyrsluna.Þessi aðstoð er ókeypis.
- Ef þú skilur ekki málið í málsmeðferðinni, hefurðu rétt á þýðingu viðkomandi hluta handtökuheimildar, tilkynningar og dóms í tungumáli sem þú skilur. Þýðingin er ókeypis.
- Þú kannt að vera beðin(n) um að skrifa yfirlýsingu þína niður á þínu eigin tungumáli.

## Hvaða önnur réttindi áttu í viðtalinu?

### 7. Önnur réttindi í viðtalinu

Sjálfst viðtalið hefst með samtali. Auk þess að endurtaka samantekt á upplýsingum um ætlað brot og rétt þinn á að vera þögul(l) ert þú upplýst(ur) um að:

- Þú getur óskað eftir að allar spurningar sem lagðar eru fyrir þig og öll svör sem þú veitir verði skráð með þínum eigin orðum,
- Þú getur óskað eftir að sérstök rannsókn sé gerð eða að tiltekinn einstaklingur sé yfirheyrður,
- Yfirlýsingar þínar eru sönnunargögn sem nota má fyrir dómstólum.
- Á meðan á viðtalinu stendur máttu nýta þér gögn sem þú hefur til umráða, svo fremi sem það tefur ekki viðtalið. Þú getur beðið um, hvort sem er á meðan á viðtalinu stendur eða eftir viðtalið, að þessum gögnum verði bætt við skýrslur lögreglunnar eða þau skráð með málsgögnum.

### 8. Myndbandsupptaka af viðtalinu

- Til að fylgjast með málsmeðferð kann viðtalið, ef mögulegt er, að vera tekið upp á myndband.
- Ákvörðun um slíkt er tekin af spyrjanda, saksóknara eða rannsóknardómara.

### 9. Við lok viðtalsins

Við lok viðtalsins verður þér afhent útprent af viðtalinu svo þú getir lesið það yfir.

Þú getur einnig óskað eftir að viðtalið sé lesið upp fyrir þig. Þú verður spurð(ur) hvort þú viljir breyta einhverju eða bæta einhverju við yfirlýsinguna sem þú hefur gefið.

# UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDI ÞÍN

Ef þú hefur verið **HANDTEKINN** og ert að fara að verða yfirheyrður sem grunaður

4/4

## Hversu lengi máttu sæta gæsluvarðhaldi?

### 1. Að jafnaði í 48 klukkustundir

Ekki má halda þér í gæsluvarðhaldi lengur en í 48 klukkustundir.

### 2. Rannsóknardómari

- Innan 48 klukkustunda verður þér annað hvort sleppt eða þú leiddur fyrir rannsóknardómara. Rannsóknardómarinn ákveður hvort þú eigir áfram að sæta gæsluvarðhaldi og hvort gefa eigi út handtökuskipun á hendur þér eða ekki.
- Rannsóknardómaranum er skylt að hlusta fyrst á það sem þú hefur að segja um málið. Í þessu viðtali átt þú rétt á aðstoð frá lögmanni þínum. Rannsóknardómarinn hlustar á athugasemdir þínar, eða þær sem lögmaður þinn flytur varðandi hugsanlegt gæsluvarðhald þitt.

Þú mátt aðeins afsala þér rétti þínum til að njóta aðstoðar lögmanns ef þú hefur náð lögaldri.

- Ef rannsóknardómarinn úrskurðar þig í gæsluvarðhald átt þú rétt á eftirfarandi:
  - Þú átt takmarkalausán rétt á að fá að tala við lögmann þinn.
  - Á innan við fimm dögum eftir að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn er gefinn út munt þú koma fyrir áfrýjunarnefnd þar sem þú getur véfengt handtöku þína og að þú sért látinn sæta gæsluvarðhaldi.
  - Daginn áður en þú kemur fyrir áfrýjunarnefndina eða dómarann verður þér gefinn kostur á að sjá málsskjölin í máli þínu.
  - Nema þú hafir fengið munnlega þýðingu á handtökuheimild, hefur þú rétt á (skriflegri) þýðingu á viðeigandi hlutum handtökuheimildarinnar ef þú talar ekki eða skilur ekki tungumálið sem ferlið stendur á. Þýðingin er ókeypis.
  - Lögmaður þinn getur útskýrt frekari framvindu mála á þessu stigi málsins.
  - Ef þú ert ekki belgískur ríkisborgari máttu tilkynna ræðismanni heimalands þíns um handtökuna.

Þú mátt halda þessum upplýsingum um réttindi þín.